

# Reglur Hveragerðisbæjar um framlög til stjórnálasamtaka er bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga

Í 5.gr. laga nr. 162/2006 er fjallað um skyldu sveitarfélaga til að styrkja stjórnálasamtök:

## **5. gr. Framlög til stjórnálasamtaka frá sveitarfélögum.**

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

Á grundvelli 5.gr. laga nr. 162/2006 eru reglur Hveragerðisbæjar um framlög eftirfarandi.

1. Stjórnálasamtök sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn skulu fá styrk til greiðslu fasteignagjalda húsnæðis sem nýtt er til starfsemi samtakanna. Þetta á við um húsnæði í eigu stjórnálasamtakanna.
2. Fjárframlag til stjórnálasamtaka skal ákvarðað í fjárhagsáætlun ár hvert og skal eigi nema lægri fjárhæð en 350.000 kr. á ári. Úthlutun fer fram til þeirra stjórnálasamtaka sem hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða eða einn mann kjörinn í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum. Skal framlagi hvers árs úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.
3. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal úthlutað helmingi árlegs framlags fyrir kosningar til samræmis við niðurstöðu næstliðinna sveitarstjórnarkosninga. Eftir kosningar er síðari helmingi framlagsins úthlutað í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.
4. Hveragerðisbær styður við útgáfustarfsemi stjórnálasamtaka með kaupum á auglýsingum í þeim ritum sem gefin eru út á þeirra vegum í Hveragerði. Árleg viðmiðunarupphæð fyrir hver stjórnálasamtök er kr. 60.000,- .
5. Í fjárhagsáætlun hvers árs er upphæð fasteignagjalda tilgreind sem og það framlag sem renna skal til stjórnálasamtaka í samræmi við 2. og 3. gr. Kaup á auglýsingum sbr. 4. gr. færast á liðinn kynning bæjarfélagsins.
6. Stjórnálasamtök sem hljóta styrk skv. 1.-4. tl. skulu árlega birta ársreikning sinn á opinberum vettvangi. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skulu stjórnálasamtök sem hljóta styrk skv. 1.-4. tl. gera grein fyrir kostnaði við framboð til sveitarstjórnarkosninga á opinberum vettvangi í síðasta lagi sex mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar. (6.gr. tekur gildi þann 1. janúar 2018 skv. ákvörðun bæjarstjórnar þar um).

Samþykkt í bæjarstjórn 11.maí 2017.